

Toppslagur við Hamar á fimmtudag

Skrifað af Körfuboltadeild
Þriðjudagur, 04 Desember 2012 21:45

Höttur mætir Hamri í 1. deild KKÍ í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum á fimmtudag kl. 18:30. Leikurinn er feykilega mikilvægur fyrir Hött þar sem Hvergerðingar eru taplausir eftir fimm leiki en Höttur hefur tapað einum og unnið fimm. Með sigri stimplum við okkur endanlega inn í toppbaráttuna. Staða efstu liða í deildinni er þannig í dag:

Valur (U/T=6/0), Hamar (5/0), Höttur (5/1), Haukar (4/2), Breiðablik (3/3), Þór Ak. (3/3).

Mætum á leikinn. Nú þurfum við að fylla Íþróttahúsið af áhorfendum og styðja Hött í toppslagnum.

Sessur til sölu. Öllum ætti að líða vel á pöllunum því 10. flokkur Hattar verður með Hattar sessur til sölu á leiknum.